

Fundur stjórnarÆSKP 13. desember 2021 á Zoom

Mætt: Berglind, Máni, Aldís, Anna Lilja, Hákon Darri, Erna Kristín og Daníel Ágúst. Einnig situr Jóhanna Ýr fundinn.

Fundur hófst kl. 20:35.

Janúarnámskeið 2022

Janúarnámskeið 2022 verður haldið í Hveragerði. Jóhanna Ýr er búin að senda fyrirspurn á Matta Ósvald um að halda fyrirlestur á Janúarnámskeiði og nú bíðum við eftir svari frá honum. Ef hann getur ekki verið þá er varaplanið að heyra í einhverjum hjá Kvan.

Það er komið fínt tilboð frá Hótel Örk helgina sem við erum búin að bóka, 7. - 8. janúar 2022.

Við miðum við það að námskeiðið þurfi ekki að kosta meira en 18.000 kr. Planið er þannig að árshátíðin okkar verður haldin á föstudeginum. Þar er auðvitað opið fyrir skemmtiatriði. Þá getur fólk mætt um leið og við fáum aðgang að herbergjunum. Við höfum aðgang að sundlauginni og pottunum. Frá kl. 10 -12 á laugardagsmorgni væri þá ÆSKP work-shop. Þar myndi stjórnin kynna ÆSKP betur og hvað við erum að fara að gera í framtíðinni. Ef Erna Kristin verður við ætlar hún að vera með samfélagsmiðlakennslu. Klukkan eitt ætlar Laufey Brá, leikkona og æskulýðsfulltrúi, að vera með leiklistarkennslu. Stjórn hvetur sóknarkirkjur til að borga fyrir leiðtoga á námskeiðið að heild eða að minnsta kosti hluta.

Fundir á biskupsstofu

Berglind og Jóhanna Ýr eru núna reglulega á fundum á Biskupsstofu til að efla samstarfið við þau.

EF

Ýmislegt á vegum EF er að frestast núna vegna Covid. Á morgun er vinnufundur á vegum EF á Zoom sem Bella ætlar að mæta á.

Fundi slitið kl. 21:15.

Fundargerð ritaði: Daníel Ágúst